Stofnfundur náttúruverndarsamtaka á Suðurlandi

ÁHUGAMENN um náttúruvernd á Suðurlandi boða til stofnfundar samtaka um náttúruvernd í dag, laugardag í félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli og hefst hann kl. 3 e.h.


Félagssvæði þessara nýju samtaka nær yfir Árnes-, Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, en slík félög eru þegar starfandi í öllum landshlutum nema á Vesturlandi auk Suðurlands.

Þegar er ljóst, að áhugamanna félögin gegna mikilvægu hlutverki fyrir náttúruverndarhreyfinguna í landinu. Þau eru nauðsynlegur vökumaður heima í héraði og í þeim fara fram umræður, þar sem hugmyndir koma fram og þróast. Einnig eru þau framkvæmdaaðilar, t.d. um söfnun gagna um náttúruminjar og tengiliður á milli Náttúruverndarráðs og almennings í byggðum landsins.

Á fundinum á laugardaginn verður gengið frá lögum fyrir hin nýju samtök, rætt ýtarlega um markmið og verkefni samtakanna og einnig mun Eyþór Einarsson, varaform. Náttúruverndarráðs, skýra frá starfi og starfsháttum ráðsins og ræða nokkuð um gróðurverndarmál.

Mikilvægt er að allir áhugamenn um náttúruvernd á Suðurlandi gangi til samstarfs innan hinna nýju samtaka og veiti þeim lið.

(Fréttatilkynning).



Gunnar Örn Gunnarsson, Magnús Kjartansson, Einar Hákonarson, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Sigurður Örlygsson og Hallsteinn Sigurðsson. Á myndina vantar Vilhjálm Bergsson, en hann er erlendis. (Ljósm Mbl.: Br. H.)

Sýning sjö ungra listamanna

— 97 málverk og höggmyndir

7 UNGIR listamenn opna sýningu á verkum sínum í dag, laugard. 9. júní í Kjarvalsstöðum. Sýna þeir þar 93 listaverk, málverk og höggmyndir. Þetta er fyrsta sýning ungra listamanna í Kjarvalsstöðum, en listamennirnir tóku sig saman um að halda þessa sýningu. Sýningin verður opin kl. 2—22 daglega til 24. júní.

Þau sem sýna eru: Þorbjörg Höskuldsdóttir, Gunnar Örn Gunnarsson, Einar Hákonarson, Sigurður Örlygsson, Magnús Kjartansson, Vilhjálmur Bergsson og Hallsteinn Sigurðsson. 6 þeir fyrstnefndu eru listmálarar, en Hallsteinn er myndhöggvari.

Við litum inn til þeirra þar sem þeir voru að hengja upp verk sín og maður fann strax hressilegan blæ yfir listamönnunum sjálfum og verkum þeirra, íslenzkt land, veður, fólk, trú og ævintýri, túlkað á ýmsan hátt, en sterkt.

„Við á hefðbundnu línunni tókum okkur saman," sagði Sigurður Örlygsson, „ungt fólk, sem ennþá notar gömlu burstaaðferðina og málar með pensli, notar striga og olíuliti og svo Hallsteinn, sem notar bæði járn og steypu, gips og leir. Við ákváðum í fyrra að halda þessa sýningu og nú er þetta að ganga saman."

Vormót Hraunbúa

SKÁTAFÉLAGIÐ Hraunbúar í Hafnarfirði heldur sitt árlega vormót nú um hvítasunnuna. Verður mótið sett kl. 22 á föstudagskvöld og stendur fram á 2. í hvítasunnu. Dagskrá mótsins verður fjölbreytt og munu allir finna þar eitthvað við sitt hæfi. Búizt er við fjölda mótsgesta víðsvegar að af landinu, en vormót Hraunbúa hefur ávallt verið fyrsta skátamót sumarsins.

Mótið verður opið foreldrum skátanna og öðrum velunnurum skátahreyfingarinnar á sunnudag frá kl. 1.30 e.h.

Ferðir úr Hafnarfirði á mótið verða kl. 15.00 og kl. 20.00 á föstudag.

SUMARSTARFIÐ HAFIÐ Í ÁRBÆ

ÁRBÆJARSAFN hefur hafið sumarstarfsemi sína og verður hún fram til 15. september. Þann tíma verður safnið opið frá kl. 1—6 alla daga nema mánudaga. Að venju verður framreitt kaffi og heimabakaðar kökur í Dillonshúsi og stúlkur í þjóðbúningum sinna gestum í húsinu og ganga um beina.

Búið er að flytja Söluturninn á Arnarhóli upp í Árbæ til viðgerðar, en ekki er endanlega ákveðið hvort hann verður staðsettur í Árbæ framvegis eða fluttur í Miðbæinn aftur, sem þó er líklegra.

Þá er búið að flytja í Árbæ húsið sem stóð við Þingholtsstræti 9, en það var byggt 1848 úr afgangstimbri úr Menntaskólanum í Reykjavík. Annað hús, sem kom upp eftir í marz stóð áður við Nýlendugötu 29 og heitir það Nýlenda. Það hús er í endurbyggingu.

Nýtt orgel í Háteigskirkju

HÁTEIGSKIRKJA í Reykjavík hefur fengið nýtt og vandað orgel, en fram til þessa hefur söfnuðurinn orðið að notast við orgel af ófullnægjandi stærð.


Hið nýja orgel er smíðað af Berliner Orgelbauwerkstatt GmbH, prof. Karl Schuke í Vestur-Berlín. Tveir sérfræðingar frá fyrirtækinu hafa unnið að uppsetningu þess að undanförnu, og lauk því verki nú í vikunni.

Orgelið er ekki af þeirri stærð, sem kirkjunni er endanlega ætlað. Fjárhagslega geta varð að ráða. Verð þess uppsett er um kr. 2.5 millj. og verður það að verulegu leyti greitt af Kvenfélagi Háteigssóknar. Fram tíðarorgelið er mun stærra, en það gefur enn meiri möguleika til flutnings stærri orgelverka.

Verulegir fjárhagserfiðleikar há kirkjunni og safnaðarstarfinu. Kirkjan sjálf er í rauninni ekki fullbyggð. Í hana vantar klukkur, ljósahjálma, skírnarfont o.fl. Lóðin og allt umhverfi hennar er ófrágengið, fyrirhugað félagsheimili óbyggt o.s.frv. Á næstunni mun verða leitað til safnaðarins um framlög til ofangreindra framkvæmda, sem þegar eru búnar að dragast allt of lengi.

Hið nýja orgel verður tekið í notkun við guðsþjónustur nú um hvítasunnuna. Þess er vænzt, að sem flestir safnaðarmeðlimir verði þátttakendur í messugjörðunum og vígslu hins nýja hljóðfæris.

(Frá sóknarnefnd).



Sigurlinni við eitt verka sinna á sýningunni.

Sigurlinni sýnir

— málverk og höggmyndir

Í DAG kl. 14.00 opnar Sigurlinni Pétursson málverka- og höggmyndasýningu í Gagnfræða skóla Garðahrepps í Lyngási. Eru þarna til sýnis verk Sigurlinna frá síðustu árum.

Sigurlinni er fyrrverandi húsasmiður og hefur undanfarin 5—6 ár málað myndir, en hann stundaði myndlistarnám í Danmörku árið 1924. Flestar hugmyndir fær hann úr goðsögnunum. Á sýningunni er til dæmis mynd um upphaf heimsins, sköpun mannsins, Asks og Emblu o.fl. Myndirnar eru sérkennilegar, flestar persónurnar eru sagaðar út úr krossvið og límdar á fleti, sem sýnir landslag. Myndirnar eru mitt á milli þess að teljast natúralisistiskar og súrrealistiskar. Einnig er þarna að finna táknrænar myndir, sem sýna vandamál heimsins, eins og þau eru í dag. Sigurlinni hefur einnig stundað lítilsháttar ritstörf, m.a. er bókin „Láki í skýjaborgum", sem kom út 1970 undir dulnefni, eftir hann. Væntanlegt er innan skamms framhald af þeirri bók. Sýning Sigurlinna verður opin daglega fram til 20. þ.m. frá kl. 14.00—22.00.

17. júní í Reykjavík:

Dansað á 5 stöðum

DANSSKEMMTANIR verða við fimm skóla að kvöldi 17. júní. Hljómsveitir munu leika fyrir dansi við eftirtalda skóla á tímabilinu frá kl. 21 til miðnættis: Melaskóla, Álftamýraskóla, Langholtsskóla, Árbæjarskóla og Breiðholtsskóla.

Eftir því sem segir í fréttatilkynningu frá þjóðhátíðarnefnd, er þetta gert sem tilraun til breyttrar tilhögunar kvöldskemmtunar þjóðhátíðardagsins og þær vonir við hana bundnar, að annar og betri bragur verði á þessum kvöldsamkomum en þeim, sem fram fóru í miðbænum í Reykjavík 17. júní 1972.

Að öðru leyti munu hátíðarhöld 17. júní í ár verða með svipuðum hætti og undanfarin ár nema að því er snertir barnaskemmtun og síðdegissamkomu, sem hvort tveggja verður haldið á Lækjartorgi. Munu því skrúðgöngur stefna til Lækjartorgs í stað Laugardals, þar sem barnaskemmtun hefur verið haldin 17. júní nú síðustu ár.

Í Árbæjarhverfi verða líka síðdegisskemmtun og skrúðganga, sem kvenfélag Árbæjarsóknar og íþróttafélagið Fylkir standa að í samvinnu við þjóðhátíðarnefnd.

Bjarni Ólafsson sýnir á Ísafirði

BJARNI Jónsson, listmálari, heldur málverkasýningu á Ísafirði dagana 7.—11. júní og svo aftur dagana 15.—17. júní. Málverk Bjarna eru flest frá tímabilinu 1970 til dagsins í dag, en þó eru nokkur frá yngri árum hans. Þarna eru blönduð viðfangsefni; nýtízkulegar abstraktmyndir og natúralistiskar.

Bjarni Jónsson er fæddur 15. sept. 1934. Hann stundaði nám hjá mörgum þekktum myndlistarmönnum, s.s. Ásgrími Jónssyni og Jóhannesi Kjarval. Bjarni hefur bæði tekið þátt í samsýningum hérlendis og erlendis. Einnig hefur hann haldið nokkrar sérsýningar, sú fyrsta var í sýningarsalnum í Rvík 1957. Bjarni hefur myndskreytt fjöldann allan af námsbókum, verið leiktjaldamálari fyrir Leikfélag Vestmannaeyja, Leikfélag Hafnarfjarðar o. fl. Á sýningunni á Ísafirði eru aðallega málverk frá síðustu árum, en myndirnar eru milli 50 og 60 talsins. Opnunartímar sýningarinnar verða báða opnunardagana kl. 18.00, en annars verður sýningin opin frá kl. 16.00—22.00 á meðan hún stendur yfir. Sýningin verður í Gagnfræðaskóla Ísafjarðar.

Eyjahappdrættið í fullum gangi

DREGIÐ verður í Eyjahappdrætti nu 3. ágúst n.k. og eru þeir sem hafa fengið senda miða út á landvinsamlega beðnir um að koma þeim í sölu sem fyrst. Vinningarnir eru Datsun-bifreið og seglbátur, en að happdrættinu standa slysavarnadeildin Eyjakyndill, Björgunarfélag Vestmannaeyja og Akoges.